

Samvinna í átt að gagnkvæmum ávinningi

Eftir Stefan Fíle

Tvö ár eru liðin frá því að Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu og samningaviðræður ganga vel. Árangur þeirra viðræðna má finna í nýútgefni framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB og því er við hæfi að líta yfir stöðuna á þessari sameiginlegu vegferð.

Stefnumál og lagaumgjörð Íslands og Evrópusambandsins eru um margt lík og hagkerfi okkar eru vel samþætt. Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hefur skapað sterk tengsl og Ísland hefur rótgróna pólitíska stefnu og stjórn-sýslulega getu sem líkist mjög því sem finna má innan Evrópusambandsins. Ástandið á Íslandi fer nú batnandi, þökk sé afgerandi aðgerðum í efnahagsmálum sem og árangursríkri samvinnu við AGS.

Möguleg aðild að ESB getur reynst aukinn hvati fyrir íslenska hagkerfið. Aðild að ESB getur liðk- að fyrir erlendra fjárfestingu með til-



Stefan Fíle

heyrandi tækifærum, tækni og atvinnu og opnað nýja markaði. Þó að evrusvæðið eigi réttlæga í erfðleikum um þessar mundir þá er evran einn sterkasti gjaldmiðill heims og heldur áfram að vera til hagsbóta fyrir þau lönd sem nota hana. Allt getur þetta þjónað íslenska hagkerfinu sem að megninu til byggist á viðskiptum við lönd Evrópusambandsins.

Við erum nú að hefja krefjandi hluta aðildarviðræðna þar sem mál-efni á borð við fiskveiðar, landbúnað, matvælaöryggi og umhverfismál verða rædd. Þetta eru viðkvæmir málaflokkar sem fela í sér áskorun fyrir báða samningsaðila. Það er mikilvægt að við nýtum hið góða samstarf okkar til að takast sameiginlega á við þá áskorun. Ég er fullviss um að við getum tekið tillit til sérstöðu Íslands og væntinga innan núverandi ramma samningaviðræðna og í fullu samræmi við meginreglur og lög ESB. Þannig

» Ég er fullviss um að við getum tekið tillit til sérstöðu Íslands og væntinga innan núverandi ramma samningaviðræðna...

sköpum við lausnir sem gagnast báðum aðilum og eru öllum til hagsbóta.

Stuðningur almennings við inn- göngu í ESB er frumskilyrði. Ég fagna því aðgerðum ríkisstjórnar Íslands og Alþingis til að fræða fólk um Evrópusambandið og samningaferlið. Ég vona að með því megi eyða bæði ranghugmyndum og ótta í garð sambandsins. Upplýsingaskrifstofa ESB á Íslandi, sem opnuð verður í Reykjavík innan nokkurra vikna, mun einnig taka þátt í því starfi. Gagnsætt og opið samningaferli er eina leiðin til niðurstöðu sem er hagkvæm fyrir bæði Ísland og Evrópusambandið.

Höfundur er framkvæmdastjóri stækkunar- og nágrannastefnu ESB.